

1. fundur Skólaráðs – 28. október 2020.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Ásthildur Knútsdóttir, Linda Rún Skarphéðinsdóttir, fulltrúar foreldra, Hildur Jóna, 10. MG fulltrúi nemandafélagsins komst ekki á fundinn, Katrín Hallgrímsdóttir og Sólveig Baldursdóttir, fulltrúar kennara, Sigurlaug M. Ómarsdóttir, fulltrúi starfsmanna, Valgerður Júlíusdóttir, aðstoðarskólastjóri. Sigrún Gísladóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins dregur síg í hlé frá skólaráði.

Dagskrá:

1. Starfsáætlun skólaráðs skólaárið 2020-2021
2. Skipulag og áherslur vetrarins, haustfundir breyttir.
3. Skóla- og viðburðadagatal 2020-2021
4. Skólanámskrá – starfsáætlun fyrir 2020-2021
5. Önnur mál

1. Starfsáætlun skólaráðs yfirfarin út frá verkefnum. Fundardagar og tími ákveðinn. Allir sammála fundartíma á skólaráðsfundum og starfsáætlun samþykkt.

2. Skipulag og áherslur vetrarins, haustfundir voru skipulagðir á skólasetningardag en vegna Covid þá gátu foreldrar ekki komið í skólann. Kennarar sendu heim talglæsur með kynningu á skólastarfinu og námstilhögun. Það væri gaman að vita hvernig foreldrum fannst þetta skila sér. Skólinn varð 50 ára á þessu ári 16. September og héldum við upp á afmælið með nemendum og starfsfólki. Dagur heppnaðist vel í alla staði og var hátíðarblær og gleði ríkjandi í skólanum.

Að öðru leyti fór haustið mjög vel af stað og er skólinn vel mannaður. Verið er að innleiða teymiskennslu og taka fleiri skref í þeirri þróun – allir árgangar eru með í ár. Kennarar almennt ánægðir með teymiskennsluna. Þetta veitir margskonar tækifæri til að bæta samstarf og vinnu með nemendum. Í skólanum er búið að skipa teymi og eru öll lögbundin teymi starfandi við skólann ásamt teyjum sem tengjast verkefnum sem skólinn tekur þátt í t.d. grænfána- og heilsuteymi og afmælisteymi.

3. Skóla- og viðburðadagatal er á heimasíðu skólans. Á dagatalinu er skipulag vetrarins með helstu viðburðum skólaársins en síðan er annað dagatal með fundum starfsmanna. Farið var í gegnum fasta liði á viðburðardagatalinu.

4. Starfsáætlun er í vinnslu á lokametrum og var sett á heimasíðu skólans til að skólaráðsmeðlimir gætu skoðað hana. Skólanámskrá öll heftin eru á heimasíðu skólans og voru þau rædd lauslega á fundinum ásamt starfsáætlun skólans. Fundarmenn voru beðnir um að kynna sér hana heima og undirrita síðan staðfestingu á að þessi skjöl hefðu verið kynnt fyrir Skólaráði. Ákveðið að senda staðfestingarskjal til foreldra til undirritunar og senda þeir skjalið til baka til skólastjóra en starfsmenn og nemendur undirrita skjalið á skrifstofu.

6. Önnur mál a. Ósk um að senda út fjarfundaboð fyrir alla fundina í vetur.

Fleira var ekki rætt – fundi slitið kl.13:00

Ritari: Valgerður Júlíusdóttir